

Svar

utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni ráðuneytisins.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir ráðuneytið?*

Í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 119/2018, með síðari breytingum, eru í 10. gr. talin upp þau málefni sem eru á starfssviði utanríkisráðuneytisins.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna ráðuneytisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Kostnaði er ekki deilt niður á hvert lögbundið verkefni í fjárlögum, heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefnasviðs og málaflokks. Utanríkisráðuneyti sinnir verkefnum á málefnasviði 04 Utanríkismál og 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna. Fjárheimildir til verkefna ráðuneytisins eru samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020, sem hér segir, í milljónum króna:

| | | |
|-------|---|---------|
| 04.10 | Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála | 6.453,9 |
| 04.20 | Utanríkisviðskipti | 842,0 |
| 04.30 | Samstarf um öryggis- og varnarmál | 2.654,9 |
| 04.50 | Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs | 2.634,4 |
| 35.10 | Alþjóðleg þróunarsamvinna | 5.917,5 |

Alls fóru tvær vinnustundir í að taka þetta svar saman.

